



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

4. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 1.nóvember 2021, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Björg Árnadóttir, varafultrúi Visit South Iceland ehf.
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Geir Gígja, varafultrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Björg Árnadóttir, varafultrúi Visit South Iceland ehf.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá:

- Yfirferð yfir verkefni sl. missera og framundan
- Önnur mál

[Yfirferð yfir verkefni sl. mánuð og framundan](#)

Áfangastaðastofa – DMMO

Samningur MSS og SASS, sem tekinn var fyrir á fundi stjórnar MSS á auka fundi í júní, er enn opin en von er á að hægt sé að ljúka því ferli fljótlega.

Framkvæmdastjóri MSS kynnti aðdraganda og áform um stofnun Áfangastaðastofu fyrir fulltrúum ársþings SASS og fóru umræður fram á þinginu síðar um daginn. Fulltrúar SASS í stjórn fóru yfir helstu

línur í þeim umræðum og inntak ályktana á þinginu, sem framkvæmdastjóri SASS hafði einnig upplýst um að þingi loknu. Beðið er eftir skriflegri niðurstöðu frá ársþingi.

Framundan er að taka stöðuna á þessu ferli ásamt því að ákvarða næstu skref. Þá eru samningar lausir við nokkur sveitarfélög um áramót sem óskað verður eftir endurnýjun á. Einnig er framundan stöðufundur með fulltrúum Ferðamálastofu m.a. um stöðu greinarinnar í landshlutanum og stöðu verkefna samkvæmt samningum.

Áfangastaðaáætlun – DMP

Áfangastaðaáætlun er í loka vinnslu þar sem verið er að yfirfara og þetta ýmis atriði samtímis því að skoða hvernig framsetningu á áætluninni verði best háttað. Markmiðið er að áætlunin verði vel aðgengileg og nýtist hagaðilum sem best t.a.m. sveitarfélögum.

Á tímabilinu hefur farið fram vinna við núverandi ferðaleiðir, en verkefnin eru hluti af sérverkefnum í samningi MSS við Ferðamálastofu. Þar hefur verið unnið að því að koma t.d. Gullna hringnum betur á framfæri og þar sem m.a. hefur verið í undirbúningi hönnun á stafrænu korti til að gera þessari þekktu ferðaleið enn betur skil, en hönnun er í höndum Vert markaðsstofu. Verður það kort svo yfirfært yfir í kort fyrir Suðurlandið allt og birt á heimasíðu MSS, Íslandsstofu og fleiri stöðum.

Verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar MSS átti fund á tímabilinu með fulltrúum Rangárbings ytra vegna tillögu um uppbyggingu áfangastaðar sem sveitarfélagið er með í undirbúningi og hyggst sækja um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Þá hefur MatarAuður Suðurlands verið í uppfærslu þar sem framsetning var aðlöguð að nýrri heimasíðu. Þá hefur verið unnið að því að efla matarmyndabanka MSS.

Framundan er mótun verkefnatillagna til umsóknar í áhersluverkefni Sóknaráætlunar, en tvær tillögur að spennandi þróunarverkefnum eru í undirbúningi.

Þá er framundan áframhaldandi yfirferð, prófarkarlestur og uppsetning/hönnun, kynningar, fundir og fl. í tengslum við Áfangastaðaáætlun. Einnig áframhaldandi efnissköpun tengt sérverkefnunum um núverandi ferðaleiðir og MatarAuð. Þá eru framundan fjórar vinnustofur með Atvinnuvega- og nýköpunarráðuneytinu sem eru framhald af verkefninu Vörður, fyrirmyndaráfangastaðir.

Markaðsmál

- Áframhaldandi vinnsla og bestun á **vefsíðunni**, meðal annars á innri síðu þar sem m.a. var sett upp undirsíða um uppbyggingu áfangastaða sem og frekari upplýsingar fyrir samstarfsfyrirtækin.
- Áfram var unnið að markaðssetningu **Vitaleiðarinnar**, m.a. meðal erlendra PR stofa og í fréttabréfum, einnig í gegnum póstlista Íslandsstofu.
Framundan er frekari markaðssetning leiðarinnar á erlendum og innlendum mörkuðum ásamt því að vinna með sveitarfélögum, fyrirtækjunum og öðrum hagaðilum að frekari uppbyggingu og þéttingu áningarstaða og þjónustu á leiðinni.
- Fyrsti **Morgunfundur MSS** í nýrri morgunfundarröð var haldin síðustu vikuna í október. Efnistösk fundarins voru tvö; kynning á niðurstöðum rannsóknarinnar „**Kófið tæklað, bjargráðum ferðaþjónustunnar á tímum Covid19**“, sem er nemendaverkefni unnið fyrir

tilstuðlan Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála í samstarfi við MSS með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Þá fór framkvæmdastjóri MSS yfir ferðasýninguna **VestNorden** þar sem kynnt var fyrir samstarfsfyrirtækjunum undirbúningur, framkvæmd og eftirfylgni MSS á slíkum viðburði og hvernig fyrirtækin geta sem best nýtt þá vinnu í sínu markaðsstarfi. Þá var stiklað á stóru varðandi aðrar umræður og fréttir af erlendum mörkuðum frá sýningunni.

Framundan eru tveir aðrir morgunfundir með mismunandi umfjöllunarefnum; Farið verður yfir nokkur lykilatriði markaðssetningar og hvernig samstarfsfyrirtæki geta nýtt enn betur samstarf sitt við MSS inn í sitt markaðsstarf. Þá mun þriðji fundurinn fjalla um matartengda upplifun og ferðapjónustu.

- Nýlega tók MSS í notkun, ásamt hinum markaðsstofunum, myndabanka forritið **Brandcenter** sem er hannað af íslensku sprotafyrirtæki. Kerfið hefur verið kynnt fyrir fulltrúum sveitarfélaga og þau ásamt SASS hvött til að nýta sér það frekar. Ætlunin er kynna það enn frekar fyrir hagaðilum ásamt þeim tækifærum og verkfærum sem forritið gefur. Þá hefur verið í gangi framhaldsvinna við að efla og þétta innihald í myndabankanum.
Framundan er fundur með faghóp sveitarfélaganna í ferðamálum þar sem m.a. Brandcenter verður kynnt og notkunarmöguleika þess.
- **Upplifðu** hefur verið í áframhaldandi þróun og vinnslu, en dregist hefur að fá inn hluta af efninu, þá aðallega ljósmyndir sem núna eru orðnar aðgengilegar. Þá er bakendaadgangur aðgengilegur samstarfsfyrirtækjum og sveitarfélögum sem gefur þeim aðgang að fjölda myndbanda sem hægt er með einföldum hætti að setja saman á mismunandi vegu. Breytingar hafa verið í undirbúningi á samningum sem stýrihópur á vegum Markaðsstofa landshlutanna hefur leitt.
Framundan er að kynna Upplifðu frekar fyrir samstarfsfyrirtækjum og sveitarfélögum, m.a. á Morgunfundi MSS. Einnig er framundan áframhaldandi þróunarvinna, framleiðsla og innsetning á meira efni, þróun bakenda og fleira.
- **Samfélagsmiðlar** er í sínum takti bæði íslensku og enskum miðlum MSS.
- **Sýningar/vinnustofur** – VestNorden var í byrjun mánaðar sem Dagný H. Jóhannsdóttir og Guðmundur Fannar tóku þátt í fyrir hönd Suðurlands. Undir venjulegum kringumstæðum hafa fulltrúar Faghóps komið að þátttöku á VestNorden en m.a. sökum Covid var það takmörkunum háð að þessu sinni.

Tvær kynningarferðir voru skipulagðar og farnar í tengslum við VestNorden 2021 þar sem MSS sendi inn tillögur að ferðum í byrjun sumars. Alls tóku 23 erlendir ferðasalar þátt í ferðunum tveimur og komu þeir víðsvegar frá, s.s. Bretlandi, Bandaríkjunum, Ítalíu, Sviss, Kína, Svíþjóð, Spáni, Danmörku, Þýskalandi og Hollandi. Önnur ferðin var til Vestmannaeyja með viðkomu á nokkrum stöðum á leiðinni til og frá Landeyjahöfn og hin fór m.a. um Vitaleiðina með viðkomu á ýmsum stöðum í nágrenni leiðarinnar og einnig í Uppsveitum og austur að Hellu. Fulltrúar úr faghópi sveitarfélaganna aðstoðuðu við móttöku gesta í þeirri ferð, en mikil ánægja var meðal gesta með báðar ferðarnar. Eftirfylgni bæði sýningar og kynningaferða er mikilvægur partur af ferlinu og var þó nokkur á tímabilinu.

Undirbúningur fyrir Mannamót, sem fer fram 20. janúar 2022, er kominn á fullt og skráning hafin.

Eftirfylgni með sýningum framundan sem og undirbúningur fyrir Mannamót og Mid-Atlantic sem fer fram 27.-30. janúar 2022.

- Stór **PR** eða **blaðamannaferð** frá Frakklandi hefur verið í undirbúningi með Íslandsstofu þar sem þrír blaðamenn frá þrem miðlum munu koma í ferðina ásamt fulltrúum franskrar PR stofu sem Íslandsstofa er í samstarfi við. MSS hefur haft mikla aðkomu að skipulagningu, framkvæmd og kostun ferðarinnar ásamt samstarfsfyrirtækjunum MSS.
Starfsmenn MSS munu fylgja gestunum eftir og fara með þeim um Suðurland ásamt fulltrúa Íslandsstofu.
- **Fréttabréf** um innra starf Markaðsstofunnar og til erlendra ferðasala er sent út reglulega.
- Sett hefur verið upp áætlun til að **markaðssetja MSS til nýrra aðildarfyrirtækja**. Fréttabréf var sent út í byrjun sumars og útbúin kynning í formi fréttabréfs sem sent var til fyrirtækja í gegnum Faghóp ásamt því að byggja upp sterkari innri upplýsingasíðu því tengt. Átta ný fyrirtæki hafa bæst í hóp samstarfsfyrirtækja síðan í sumar og fleiri á leiðinni. Vonað er að það styrki fyrirtækin inn í samstarfinu og auki skilning á þeim tækifærum sem felast í samstarfinu.

MAS samstarf

Haldin var fundur Markaðsstofa landshlutanna varðandi skráningu samstarfsfyrirtækja í gagnagrunninum og almenna umgjörð fyrirtækja sem starfa í fleiri landshlutum. Var aðeins munur á því hvernig landhlutarnir sjá fyrirkomulaginu best varið, en ákveðið var að móta frekari leikreglur varðandi þátttökurétt samstarfsfyrirtækja í einstaka viðburðum eins og Mannamóti.

Framundan er undirbúningur fyrir stefnumótun Markaðsstofa landshlutanna í nóvember. Þá er undirbúningur fyrir Mannamót kominn á fullt.

Samstarfssamningur við SASS

Verkefni halda áfram í sínum farvegi og starfsmenn MSS m.a. sinnt upplýsingamiðlun og ráðgjöf á tímabilinu. Fyrirtæki hafa verið að leita í ráðgjöf með stuttum fyrirvara varðandi rekstur þeirra og framtíðarhorfur. Til umræðu hefur verið að leggja til þá hugmynd að ráðgjafar SASS, sem eru staðsettir víða um landshlutann og í mismunandi einingum, myndu kynna sig og sínar einingar fyrir hvort öðru. Þá hefur verið unnið að upplýsingaöflun og greiningar sem nýtist inn í samstarfið á tímabilinu. Þá tóku fulltrúar MSS þátt í fundi með úttekta ráðgjöfum Kötlu Jarðavangs, sem gekk vel. Þá sat framkvæmdastjóri í nefnd um tilnefningu til Menningarverðlauna á tímabilinu.

Framundan er haustfundur atvinnuráðgjafa á Stykkishólmi, mótun tillagna að áhersluverkefnum og áframhaldandi vinna við upplýsingaöflun og greiningar.

Sveitarfélög – faghópur

MSS hefur verið í góðu samstarfi við aðila úr hópnum m.a. vegna VestNorden á tímabilinu.

Framundan er faghópsfundur sem fyrirhugaður er 10. nóvember nk.

Íslandsstofa

Samstarf við Íslandsstofu um blaðamannaferð með Frönskum blaðamönnum. Önnur verkefni eru samkvæmt áætlun, þ.e.a.s. efnisöflun og sköpun, áherslur landshlutans, samræming, samtal og eftirfylgni.

Aðrir fundir / erindi

- Fundur með ferðamálasamtökum og stjórnarfulltrúum vegna setu þeirra í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs. Markmiðið er að efla samtalið og bæta upplýsingagjöf.
- Starfsmenn sátu nokkrar ráðstefnur og erindi á tímabilinu s.s. erindi um stjórnun og stefnumótun sem bar heitið „Culture eats strategy for breakfast“, „Hversu vel ferðaþjónustan var í stakk búin til að takast á við heimsfaraldur?“ á vegum Ferðamálastofu ásamt því að taka að hluta til þátt í Þjóðarspeglinum.
- *Framundan er m.a. ráðstefna Sahara um einföldun í stafrænni markaðssetningu.*

Rekstraráætlun / markaðsáætlun / starfsáætlun 2021

- Áætlunir 2022 er í vinnslu og verða sendar og teknar fyrir á næsta fundi stjórnar.

Önnur mál

- Rætt var um fundargerðir MSS.
- Nejra viku af fundi og starfsmannamál rædd m.a. ráðningu sérfræðings í markaðsmálum sem framundan er.

Fundi slitið kl. 12:00.